



Reykjanesbær, 2. september 2020



Fréttatilkynning

Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

hleypir nú af stokkunum stóru samfélagsverkefni sem ber heitið **Allir með!**

Verkefnið fór formlega af stað fimmtudaginn 3. september kl. 15:00 þegar Reykjanesbær skrifaði undir samninga við KVAN og ungmennafélögin Keflavík og UMFN. Undirritunin fór fram á Bakkalág túninu fyrir neðan Hafnargötuna í Reykjanesbæ.

Það þarf heilt þorp til þess að ala upp barn.

Reykjanesbær hefur sett sér það markmið að vera fjölskylduvænn bær og hugar nú sérstaklega að vellíðan barna, jákvæðum samskiptum þeirra og sterkri félagsfærni. Þetta er gert með áherslu á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, því allt bendir til þess að samfélagsleg virkni leiði til betri líðan, jákvæðari samskipta, sterkari félagsfærni og þess að fólk sé hluti af samfélagsheildinni.

Félagsmálaráðuneytið styrkir verkefnið.

Ungmennafélag Íslands er jafnframt aðili að verkefninu og mun ljá því stoð og styrk.

Í verkefninu **Allir með!** einblínum við á alla en horfum líka sérstaklega til þeirra sem reynist það meiri áskorun að taka þátt en öðrum. Lögð er sérstök áhersla á börn af erlendum uppruna og börn sem ekki eru nú þegar í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

Svo markmiðin ná fram að ganga þurfa allir að vera með. Það þarf heilt þorp til þess að ala upp barn. Reykjanesbær ætlar nú að styðja og styrkja þetta þorp.

Um 6.000 einstaklingar, eða hátt í 30% íbúa Reykjanesbæjar, munu fá fræðslu, þjálfun og menntun í gegnum verkefnið frá um 60 mismunandi starfsstöðum sem koma að barnastarfi í sveitarfélaginu, sama hvort um sé að ræða danskennara, skátaforingja, barnaverndarstarfsmann eða stuðningsfulltrúa og allt þar á milli.

Af tilefni undirritunarinnar var þorpið sem er að ala upp börnin sýnt sjónrænt. Við undirritun samninganna voru fulltrúar flestra þessara eininga sem stóðu vörð um þorpið okkar og mynduðu táknræna keðju sem tengir okkur öll saman, því vellíðan barna skipta okkur máli. Við berum öll ábyrgð.

Félags- og barnamálaráðherra var viðstaddur athöfnina og flutti ávarp sem og bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar lauk svo athöfninni með því að blása í lúðra og startaði verkefninu formlega.



Stöndum saman og skrifum undir **Allir með! Sáttmálann**.

Til að markmið verkefnisins ná fram að ganga þurfa allir að vera með í Allir með! Reykjanessbær býður því öllum íbúum að gerast þátttakandi í verkefninu og verða aðilar að **Allir með!**

Sáttmálanum.

Með sáttmálanum leggjum við áherslu á hlýlegt viðmót og alúð gagnvart fjölskyldu, vinum, samstarfsfélögum, nágrönnum og öðru samferðafólki óháð kyni, aldri, uppruna, fötlun, kynhneigð, skoðunum eða trúarbrögðum. Það er mikilvægt að öllum líði vel og að við séum öll hluti af samfélagsheildinni.

Með því að skrifa undir **Allir með! sáttmálann** einsetur fólk sér að leggja sig sérstaklega fram um að:

- Bera virðingu fyrir fólki og taka tillit til annarra.
- Einblína á það jákvæða og góða í samferðafólki sínu.
- Styðja sérstaklega þá sem reynist það meiri áskorun en öðrum að taka þátt í samfélaginu.
- Láta sig aðra varða og gefa þeim tækifæri til þess að vera hluti af samfélagsheildinni.
- Rækta jákvæð tengsl við fjölskyldu, vini, samstarfsfólk og nágranna og stuðla þannig að eigin hamingju og vellíðan, sem og annarra.

Hægt er að skrifa undir **Allir með! Sáttmálann** á vefsíðu Reykjanessbæjar.

Samningsaðilar og nánari lýsing á verkefni

KVAN er fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í því að styðja fólk til að ná að virkja það sem í þeim býr og veita þeim aðgengi að styrkleikum sínum. KVAN hefur unnið mikið með vináttuþjálfun barna og fjallað um mikilvægi þess að tilheyra samfélaginu. Einmitt þess vegna eru þau réttu aðilarnir til þess að fræða, þjálfar og mennta alla sem koma að barnastarfi í Reykjanessbæ. Þau munu veita umsjónarkennurum á miðstigi hagnýtt námskeið, einnig kennurum í íslensku sem annað mál og forstöðumönnum frístundaheimila. Þau munu standa fyrir vinnustofum fyrir alla sem koma að barnastarfi í sveitarfélaginu, sama hvort um sé að ræða danskennara, skátaforingja, barnaverndarstarfsmann eða skólalíða og allt þar á milli. Í samvinnu við Sölku Sól Eyfeld munu þau jafnframt leiða fræðslu og þjálfun fyrir jafningjafræðslu sem miðuð er að nemendum 9. bekkjar. Þar að auki munu þau halda nokkra fyrirlestra fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og félag foreldrafélaga í Reykjanessbæ.

Meginmarkmið ungmennafélaga er ræktun lýðs og lands. Bætt lýðheilsa, betri einstaklingar, betri félög og betra samfélag. Það lá því beint við að fá ungmennafélögin tvö, Keflavík og Njarðvík, til þess að leiða verkefnið áfram. Ungmennafélögin tvö munu verkefnastýra starfinu í vetur, halda utan um allar upplýsingar og tengja önnur íþróttafélög og tómstundahreyfinguna inn í verkefnið. Þau munu jafnframt stýra spennandi kynningum á öllu íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu sem munu ekki fara framhjá neinum þegar þar að kemur.

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

Verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Reykjanessbæ og verkefnastjóri **Allir með!**



Reykjanesbær, 2. september 2020



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLÉIKANS